

FLOKKUM



Sorphirða frá íbúum í Bolungarvík

Aukahólfum verður komið fyrir
í núverandi sorphirðutunnum við hús
í Bolungarvík þann **31. maí** n.k.
Byrjum **1. júní** að flokka






Nýtt flokkunarkerfi 2023

Í júní 2021 samþykkti Alþingi lagabreytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og tók hún gildi þann 1. janúar 2023. Þar kemur fram:

„ Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila.”

Í kjölfarið hefur Bolungarvíkurkaupstaður ákveðið að fara í metnaðarfullar breytingar á sorphirðukerfi sveitarfélagsins sem felst í að flokka sorph í nokkra flokka og samstarf við íbúa er mjög mikilvægt og nauðsynlegt er að allir finni hjá sér þörf til að vera hluti af því verkefni að minnka sorph og auka endurvinnslu. Með þátttöku sinni eru íbúar að sýna í verki vilja sinn til þess að búa í umhverfisvænna samfélagi sem mun auka lífsgæði íbúa og minnka kolefnisfótspor sveitarfélagsins.

Lagabreytingarnar sem tóku gildi þann 1. janúar 2023 skylda alla aðila, einstaklinga og fyrirtæki til að flokka úrgang í nokkra flokka en flokkarnir eru eftirfarandi:



Tvær tunnur – fjögur hólf

Aukahólf sem setja skal í tunnurnar við heimilin verður komið fyrir í núverandi sorphirðutunnum þann **31. maí** og flokkun byrjar **1. júní**.

- Í aðra tunnuna fer **almennt sorp og lífrænn úrgangur**
- Í hina tunnuna fer **pappi/pappír og plastumbúðir**



Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer m.a:

- Blautklútar
- Bleyjur
- Dömbindi
- Ryksugupokar



Í hólf fyrir matarleifar fer m.a:

- Matarleifar
- Kaffikorgur
- Eldaðir kjöt- og fiskiafgangar
- Eggjaskum




Í tunnu fyrir pappír og pappa fer m.a:

- Dagblöð
- Pappírsumbúðir
- Bréfpokar
- Pizzakassar



Í hólf fyrir plastumbúðir fer m.a:

- Snakkpokar
- Plastfilma
- Plastpokar
- sjampóbrúsar



Málmumbúðum, glerumbúðum og textíl er safnað saman á grenndarstöð við áhaldahús.

Móttökustöð Bolungarvíkurkaupstaðar er á gámasvæði við áhaldahús bæjarins, Tjarnarkambi 1. Þar er tekið á móti öllum flokkum úrgangs. Greiða þarf fyrir blandaðan / grófan úrgang samkvæmt gjaldskrá.

Móttökustöðin er opin þrisvar í viku: Mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 15 – 18:30

Einnig er opið á laugardögum fyrir sumartímann frá kl. 10 - 14